



Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340

postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 23. september 2014
Tilv.: IRR14090198/10.10.1

Athygli ráðuneytisins hefur verið vakin á fullyrðingum um að framkvæmd símahlustunar við rannsókn sakamála og eftirliti með þeim kunni að vera ábótavant. Vegna þessa vill ráðuneytið taka fram að samkvæmt lögum um meðferð sakamála fer embætti Ríkissaksóknara með eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá öðrum ákærendum þ. á m. hvernig staðið er að símahlustun. Ríkissaksóknari tekur ekki við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum við meðferð ákæruvalds nema á grundvelli sérstakra lagaheimilda og ákvarðanir hans er varða ákæruvald verða ekki endurskoðaðar af ráðherra.

Um leið og ráðuneytið vekur athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á framangreindu, og leggur í hendur nefndarinnar að meta hvort ástæða sé til athugunar á téðum fullyrðingum á vettvangi nefndarinnar, tekur ráðuneytið fram að réttarfarsnefnd hefur verið sent erindi um að taka sérstaklega til skoðunar hvort gera eigi breytingar á ákvæðum laga um meðferð sakamála er varða skílyrði fyrir símahlustun og eftirliti með þeim.

Eygló Harðardóttir
dómsmálaráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir
ráðuneytisstjóri